28. gr.

Allur afli er erlend veiðiskip landa til vinnslu hér á landi, skal eftir því sem við á veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

29. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála. Ráðuneytinu er ennfremur heimilt vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar, að svipta skip leyfi til veiða í tiltekinn tíma, sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990. Þá er ráðuneytinu heimilt að svipta vinnslustöðvar sem fengið hafa leyfi til endanlegrar vigtunar á afla viðkomandi leyfi sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

30. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og öðlast gildi 1. desember 1993. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 489, um vigtun sjávarafla frá 14. desember 1990.

Sjávarútvegsráðuneytið, 26. október 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 428 20. október 1993

SAMÞYKKT

um gatnagerðargjöld í Hveragerðisbæ.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að leggja gatnagerðargjöld á lóðir og fasteignir í bæjarfélaginu eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari. Heimilt er að leggja gatnagerðargjald á land, sem sambærilegt telst, þótt ekki sé sérstök lóð.

2. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, þar með talið bílskúrum, garðhúsum og geymslum, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum í Hveragerði, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari. Sama gildir ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð.

Af rúmmetraaukningu vegna endurbyggingar þaka, án aukningar á nýtanlegu húsrými, skal ekki greiða gatnagerðargjald.

3. gr.

Gatnagerðargjöld eru tvennskonar:

a) A-gjald, sem er gjald vegna kostnaðarþátttöku lóðarhafa við undirbyggingu götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

b) B-gjald, sem er gjald vegna kostnaðarþátttöku lóðarhafa við lagningu bundins slitlags á götu og til lagningar gangstétta.

II. KAFLI
A-gatnagerðargjöld.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 3. gr. a-lið skal varið til gatnagerðarframkvæmda í Hveragerði og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

5. gr.

Gjaldið reiknast af stærð byggingar eða bæði af stærð byggingar og lóðar. Gjald af hverjum rúmmetra húss reiknast sem ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands.

Gjaldið reiknast af rúmmetra húss og stærð lóðar sem hér segir:

	m^3 húss	m^2 lóðar
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	4,8%	
Parhús	4,1%	
Raðhús	3,8%	
Fjölbýlishús	2,8%	
Verslun og skrifstofubyggingar	2,2%	kr. 410
Iðnaðarhús	1,3%	kr. 210
Gróðurhús	0,7%	kr. 210
Önnur hús	2,2%	kr. 410

Af áföstum blómaskálum með gegnsæju þaki, sem eru innangengnir úr íbúðarhúsum, skal greiða 50% af A-gjaldi enda skal a.m.k. 80% veggja vera glermál.

Gjaldið, sem reiknast af stærð byggingar, skal breytast til samræmis við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar gefinni út af Hagstofu Íslands. Gjaldið, sem reiknast af stærð lóðar, skal miða við vísitölu byggingarkostnaðar 195,7 stig, sem er vísitala byggingarkostnaðar við staðfestingu þessarar samþykktar í október árið 1993. Skulu gjöldin síðan reiknuð miðað við byggingarvísitölu og byggingarkostnað vísitöluhúss á þeim tíma þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Nú verður hús byggt við þegar fullgerða götu og skal þá miða við byggingarkostnað, þegar teikning er samþykkt í byggingarnefnd.

Framangreindar reglur gilda ef hús er stækkað að því er til stækkunar tekur.

6. gr.

Stærðir bygginga skal reikna skv. ÍST. 50 og samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirliggjandi samþykktur uppdráttur og skal þá miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingahlutfall lóðar 0,3 - 0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

7. gr.

Gjalddagar A-gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

a) 25% áætlaðs gatnagerðargjalds greiðist þegar lóð hefur verið úthlutað enda tekur úthlutunin ekki gildi fyrr en gjaldið hefur verið greitt.

b) Helmingur gjaldsins skal vera greiddur áður en byggingarframkvæmdir hefjast en þó ekki síðar en 20 dögum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd.

c) 25% gjaldsins greiðist 6 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd. 75% gjaldsins skal þó vera greitt ekki síðar en ári frá álagningu.

d) Allt gjaldið skal vera greitt 12 mánuðum eftir að byggingarleyfi er samþykkt í byggingarnefnd, en þó aldrei síðar en 15 mánuðum frá álagningu.

Vextir skulu reiknast á c) og d) liði og vera hæstu skuldabréfavextir samkvæmt vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands.

8. gr.

Þegar veitt er byggingarleyfi án undangenginnar lóðarveitingar er greiðsla gatnagerðargjalds áskilin og skal húsbyggjandi greiða gatnagerðargjald eftir reglum í samþykkt þessari.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gatnagerðargjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldi reiknuðu af hinu breytta húsnæði fyrir og eftir breytinguna. Þó skal gjaldið aldrei vera lægra en sem nemur 25% af byggingarkostnaði eins rúmmetra í vísitöluhúsinu og er það lágmarksgjald fyrir veitt byggingarleyfi eða breytingu á byggingarleyfi.

9. gr.

Sé ekki innt af hendi greiðsla á hluta gatnagerðargjalds sbr. ákvæði a) og b) liða 7. gr. fellur lóðarúthlutun sjálfkrafa úr gildi og getur bæjarstjórn þá úthlutað lóðinni á ný.

10. gr.

Óski lóðarhafi eftir að segja sig frá veittri lóð skal það gert skriflega og skal hann eiga rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi miðað við byggingarvísitölu. Bæjarstjórn er þó heimilt að fresta endurgreiðslu uns lóðinni hefur verið úthlutað að nýju, þó almennt ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni var skilað.

Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar-, úthlutunar- og skipulagsskilmálum. Byggingarleyfisgjald er þó aldrei endurgreitt.

Vextir greiðast ekki af endurgreiddu gatnagerðargjaldi.

Lóðarhafi á hins vegar ekki rétt á endurgreiðslu gatnagerðargjalds ef hús brennur, það er rifið eða flutt og endurbygging á lóðinni ekki hafin á meðan endurbyggingarréttur er í gildi.

11. gr.

Falli byggingarleyfi úr gildi og/eða aðeins hluti þess notaður innan tilskilins tíma, skal við endurnýjun leyfis greiða fullt gjald af þeim hluta sem endurnýjaður er, eins og það er þá, að frádregnu gatnagerðargjaldi, sem áður var greitt af sama áfanga.

12. gr.

Bæjarsjóður getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega þegar byggingar eru afbrigðilegar og sérhæfðar um notkun að mati bæjarstjórnar.

13. gr.

Óski lóðarhafi eftir að byggja á lóð í áföngum getur bæjarstjórn heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum samkvæmt áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera það gjald, sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði áfangaskipting heimiluð falla áætluð gjöld í gjalddaga á þeim tíma, sem bæjarstjórn ákveður.

III. KAFLI
B-gatnagerðargjöld.

14. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 3. gr. b-lið skal varið til gatnagerðarframkvæmda í Hveragerði, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að leggja bundið slitlag á götu og við lagningu gangstétta.

15. gr.

Nú ákveður bæjarstjórn að leggja á B-gjald, sbr. 3. gr. b-lið, til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta og gilda um þá álagningu ákvæði samþykktar þessarar.

16. gr.

Gjaldið reiknast af stærð byggingar eða bæði af stærð byggingar og lóðar. Gjald af hverjum rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi skv. útreikningi Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

	m^3 húss	m^2 lóðar
Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	2,3%	
Parhús	2,1%	
Raðhús	1,9%	
Fjölbýlishús	1,3%	
Verslun og skrifstofubyggingar	1,1%	kr. 210
Iðnaðarhús	0,7%	kr. 105
Gróðurhús	0,3%	kr. 105
Önnur hús	1,1%	kr. 210

Áfastir blómskálar með gegnsæju þaki, sem eru innangengnir úr íbúðarhúsum, skulu undanþegnir B-gjaldi enda skal a.m.k. 80% veggja vera glermál. Gjaldið reiknast að öðru leyti eftir ákvæðum 5. gr. eftir því sem við á.

17. gr.

Gjald skal miðað við stærð íbúðarbygginga samkvæmt samþykktum teikningum. Ef ekki eru fyrirliggjandi teikningar af eldri húsum skal gjaldið miðað við stærð húss og lóðar samkvæmt gildandi fasteignamatsskráningu. Komi í ljós að eign er stærri en að framan getur skal miða við raunverulega stærð eignar. Lágmarksstærð húseigna til álagningar skal miða við eftirfarandi stærðir:

Einbýlishús með tilheyrandi bílgeymslu	500 m^3
Raðhús, tvíbýlishús, sambyggð einbýlishús	400 m^3
Fjölbýlishús	300 m^3

18. gr.

Gjalddagar B-gatnagerðargjalds skulu vera sem hér segir:

a) Af álögðu gjaldi falla 20% gjaldsins í gjalddaga einum mánuði eftir að lagningu bundins slitlags og gangstéttar við tiltekna götu eða götukafla er lokið, eða einum mánuði eftir samþykkt teikningar, ef um hús við fullgerða götu er að ræða, enda sé eigi lengri tími en fimm ár liðinn frá því að slitlag var sett eða gangstétt lögð.

b) Af álögðu gjaldi greiðast 80% gjaldsins með 4 jöfnum afborgunum á 12 mánaða fresti á næstu 4 árum.

Vextir skulu vera hæstu skuldabréfavextir skv. vaxtaákvörðun Búnaðarbanka Íslands á hverjum tíma og reiknast frá álagningu gjaldsins.

19. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að fresta innheimtu álagðs B-gjalds ef um er að ræða íbúðarhúsnæði efnalítilla elli- og örorkulífeyrisþega.

Skilyrði fyrir frestun innheimtu er að gjaldinu verði þinglýst á viðkomandi fasteign.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Ef um blandaða notkun húsnæðis er að ræða skal reikna gjaldið eftir viðkomandi liðum.

Sé veitt byggingarleyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin eða hluti hennar færist í hærri gjaldflokk, skal húseigandi greiða gjald af hinu breytta húsnæði, sem nemur mismun á gjaldinu reiknuðu af húsnæðinu fyrir og eftir breytingu.

21. gr.

Ef um er að ræða lóð sem á eiga að standa bæði íbúðar- og gróðurhús er bæjarstjórn heimilt að áætla stærð lóðar fyrir íbúðarhúsið til álagningar gatnagerðargjalda.

22. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta, eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

23. gr.

Gatnagerðargjöldum fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á. Aðför er heimil til fullnustu gjalda þessara skv. 9. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Bæjarráð sker úr ágreiningi, sem rísa kann um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt samþykkt þessari.

24. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 380/1987 um gatnagerðargjöld í Hveragerðisbæ.

Félagsmálaráðuneytið, 20. október 1993.

F. h. r.
Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.